

Umhverfis- og skipulagsráð 26. mars 2025:

Tillaga Framsóknar um bættar almenningssamgöngur frá stúdentagörðunum við Háskóla Íslands að lágvöruverslun

Lagt er til að því verði beint til Strætó BS. að leiðakerfi strætó verði breytt þannig að það tryggi aðgengi stúdenta sem búa á stúdentagörðum við Háskóla Íslands að lágvöruverslunum við Granda.

Greinargerð

Almenningssamgöngur við stúdentagarða Félagsstofnunar Stúdenta við Háskóla Íslands eru í dag ótengdar við lágvöruverslun. Íbúar svæðisins þurfa að sækja ýmsa verslun og þjónustu á Granda en þar eru staðsettar lágvöruverslanir. Breyting á leiðakerfi strætó á þann veg að strætó stoppi í nálægð við Háskóla Íslands og fari út á Granda bætir aðgengi íbúa svæðisins að þeim verslunarkjarna sem þar hefur byggst upp. Mikilvægt er að bæta aðgengi stúdenta að lágvöruverslun enda er það hópur sem að jafnaði er lágtekjuhópur. Sá hópur sem ferðast minnst með bíl er á aldrinum 18-24 ára en það er jafnframt sá aldurshópur sem ferðast mest með almenningssamgöngum í Reykjavíkurborg samkvæmt ferðavenjukönnun sem gerð var árið 2024. Þá eru íbúar Mið- og Vesturbæjar einnig ólíklegastir til að ferðast með bíl en líklegastir til að ferðast með almenningssamgöngum ef horft er til búsetu samkvæmt sömu könnun. Stúdentaráð hefur kallað eftir bættum almenningssamgöngum og að almenningssamgöngur séu raunhæfur valkostur fyrir stúdenta.